

**3338. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
14. mars 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1801190 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018

178. mál til umsagnar - frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum).

236. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum.

200. mál til umsagnar - skipting útsvarstekna milli sveitarfélaga

339. mál til umsagnar - frumvarp laga um Þjóðskrá Íslands

Frumvarp til laga um persónuvernd

Lagt fram.

2. 1802159 - Fyrirkomulag varðandi veitingarekstur á Safnasvæðinu

Á fundi menninga- og safnanefndar 20. febrúar 2018 var samþykkt að ekki verði framhald á veitingarekstri í Safnaskála og í þess stað verði útbúin aðstaða í safnhúsi þar sem safngestum verði boðið upp á molakaffi.

Bæjarráð óskar nánari skýringa á fyrirhugaðri útfærslu ákvörðunarinnar.

Forstöðumaður menninga- og safnamála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Ellu Maríu Gunnarsdóttur fyrir skýringarnar og felur henni frekari úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

3. 1803069 - Starfsdagur á Bókasafni

Forstöðumaður menningar- og safnamála óskar eftir heimild til þess að hafa Bókasafn Akraness lokað fimmtudaginn 5. apríl. Stefnt er að starfsdegi hjá starfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu þennan dag.

Forstöðumaður menninga- og safnamála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu Ellu Maríu Gunnarsdóttur um lokun Bókasafnsins 5. apríl næstkomandi vegna starfsdags starfsmanna.

4. 1802023 - Leikskólar - fjölgun skipulagsdaga

Skóla- og frístundaráð samþykkti að falla frá fyrri ákvörðun fjölskylduráðs að binda tvo skipulagsdaga leikskólanna við fyrsta virkan dag nýs ár og fyrsta dag eftir páskaleyfi. Ennfremur samþykkir ráðið að hálfur mannauðsdagur Akraneskaupstaðar, sem haldinn er annað hvert ár, verði til viðbótar við þá fjóra skipulagsdaga sem fyrir eru.

Einn leikskólastjóri og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu skóla- og frístundaráðs um að falla frá bindingu starfsþróunar- og skipulagsdaga leikskólana við tiltekna daga og að mannauðsdagur Akraneskaupstaðar (1/2 dagur) annað hvert ár verði viðbót við þá daga.

Bæjarráð leggur áherslu á góða upplýsingagjöf og samvinnu við foreldra leikskólabarna um framkvæmdina.

5. 1802269 - Heilsueflandi samfélag

Á 78. fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. mars 2018 fjallaði ráðið um tillögu ÍA um heilsueflandi samfélag á Akranesi. Ráðið samþykkti að leggja til við bæjarráð að stofnað yrði þverfaglegt teymi sem geri tillögu að stefnumörkun og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar í átt að heilsueflandi samfélagi.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu skóla- og frístundaráðs og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

6. 1710094 - Gjaldskrár skóla- og frístundasviðs árið 2018

Tillaga skóla- og frístundaráðs um endurskoðun á gjaldskrá íþróttamannvirkja og tónlistarskóla Akraness.

Gjaldskránum er vísað til samþykktar í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá íþróttamannvirkja og Tónlistarskóla Akraness og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 1803083 - Stytting vinnuvikunnar

Tillaga frá bæjarfulltrúa Ingibjörgu Pálmadóttur um að fela sviðsstjórum Akraneskaupstaðar að leita leiða og koma með tillögur til að stytta fjölda vinnustunda Akraneskaupstaðar og/eða auka möguleikann á sveigjanlegri vinnutíma. Bæjarstjórn vísaði erindinu til bæjarráðs á fundi á 1270. fundi sínum þann 13. mars 2018.

VÞG vísar af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð telur mikilvægt að aflað verði upplýsinga um fyrirliggjandi tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg sem unnið er í samvinnu við heildarsamtök launþega. Bæjarráð felur bæjarstjóra úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

VÞG tekur sæti á fundinum á ný.



8. 1803087 - Dalbrautarreitir - útboðsgögn

Útboðsgögn vegna Dalbrautarreits lögð fram til samþykktar.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir útboðsgögn vegna Dalbrautareits að teknu tilliti til umræðna á fundinum og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar. Gert er ráð fyrir að útboðið verði auglýst á tímabilinu 3. apríl til 3. maí næstkomandi

9. 1803022 - Fagrilundur 7 -Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Engilberts Runólfssonar um byggingarlóð við Fagralund 7. Umsóknargjald hefur verið greitt og er því umsóknin tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

10. 1802185 - Lóðaumsóknir febrúar 2018 - útdráttur

Á fundi bæjarráðs þann 8. mars síðastliðinn var 11 lóðum úthlutað til umsækjenda sem sóttu um lóðir í Skógarhverfi 2.

Eftir standa 9 lóðir sem fara því á lista yfir lausar lóðir að undanskildum lóðunum við Asparskóga númer 17 og Beykiskóga nr. 17 sem Akraneskaupsstaður heldur eftir að sinni. Lóðirnar sem fara til úthlutunar eru eftirfarandi:

Akralundur 1-5
Akralundur 7-11
Asparskógar 15
Asparskógar 19
Asparskógar 21
Asparskógar 18
Beykiskógar 19

Bæjarráð samþykkir að byggingarlóðirnar við Asparskóga 17 og Beykiskóga 17 fari ekki til úthlutunar að sinni þar sem til skoðunar er að nýta lóðirnar til uppbyggingar búsetuþjónustukjarna.

11. 1803091 - Afskriftir 2018 vegna ársins 2017

Afskriftartillaga vegna ársins 2017.

Bæjarráð samþykkir afskriftir að fjárhæð kr. 6.624.901 vegna ársins 2017.

12. 1803045 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - aðalfundur 2018

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn þann 23. mars næstkomandi kl. 15:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Bæjarráð samþykkir að Ólafur Adolfsson formaður bæjarráðs og Sævar Freyr Bráinsson bæjarstjóri verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga.

13. 1802324 - SSV - aðalfundur 2018

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi verður haldinn þann 19. mars næstkomandi kl. 09:30-17:00 á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Bæjarráð samþykkir að Þórður Guðjónsson, Raket Óskarsdóttir, Kristín Sigurgeirsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Ingibjörg Pálmadóttir auk bæjarstjóra verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum.

14. 1802407 - Sorpurðun Vesturlands - aðalfundur 2018

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands verður haldinn þann 19. mars næstkomandi kl. 13:00 á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Bæjarráð samþykkir að Sævar Jónsson og Karítas Jónsdóttir verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á aðalfundi Sorpurðunar Vesturlands.

15. 1803090 - Spölur - aðalfundarboð 2018

Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. verður haldinn þann 23. mars næstkomandi kl. 11 á Gamla kaupfélaginu á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir að Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri sækji aðalfund Spalar. Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúa til að sækja þennan síðast aðalfund Spalar.

16. 1803088 - Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa.

Lagt fram.

17. 1803089 - Umhverfisvaktin - ályktanir aðalfundar

Ályktanir aðalfundar Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð 2018.

Lagt fram.

18. 1803080 - Nordjobb - sumarstörf 2018

Erindi Nordjobb um sumarstörf fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára í gegnum samnorrænt verkefni.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.25.

Ólafur Steingrims

Júgubjörg Valdimarsd.

Vilhjörg Þ. Guðbjartsd.

Rúni Óskarsdóttir

Júgubjörg Þ. Valdimarsd.

Sem frá krímsd.

Steinar Alderson

GA